

## L Ö G

25  
23. júní

um

## nýjan veg frá Lækjarbotnum austur í Ölfus.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,  
Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau  
með samþykki Voru:

## 1. gr.

Nýjan veg skal leggja af Suðurlandsbraut hjá Lækjarbotnum sunnan við  
Lyklafell, um svo nefnd Þrengsli og Eldborgarhraun, niður í Ölfus vestanvert  
allt að Suðurlandsbrautinni nálægt Reykjum.

## 2. gr.

Skal fyrst lokið austurkafla vegar þessa, þaðan er hann liggur frá núver-  
andi vegi um Svínahraun, skammt fyrir neðan Kolviðarhól, allt austur að vega-  
mótum í Ölfusi.

Vegarkafli þessi skal fyrst í stað gerður sem vetrarleið.

## 3. gr.

Skal gæta þess sérstaklega um legu vegarins og gerð, að hann verjist  
sem bezt snjó.

## 4. gr.

Vegur þessi skal vera þjóðvegur og skal telja kostnað við vegagerðina í  
fjárlögum, svo sem annan kostnað við lagningu nýrra akvega. Viðhald vegar-  
ins skal greiða af fé því, sem árlega er veitt í fjárlögum til viðhalds þjóðvegum.

## 5. gr.

Meðan sá kafli vegarins, er um getur í 2. gr., er aðeins vetrarleið, skal  
halda við þjóðveginum um Hellisheiði sem aðalflutningaleið, en sýni rann-  
sókn, að hagkvæmara verði að leggja veginn sem beinasta leið yfir heiðina, en  
malbika þennan kafla, skal það gert.

25

23. júní

6. gr.

Þá er nýr vegur frá Lækjarbotnum að vegamótum Suðurlandsbrautar í Svínahrauni er fullgerður, leggst niður núverandi vegur á þessum kafla.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Christiansborgarhöll, 23. júní 1932.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

---

*Dorsteinn Briem.*

26

23. júní

## L Ö G

um

### Brunabótafélag Íslands.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Låenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Brunabótafélag Íslands, stofnað með lögum 3. nóv. 1915, er gagnkvæmt ábyrgðarfélag með ábyrgð rikissjóðs fyrir allt að 800000 krónum og ábyrgð vátryggjenda eftir því, sem lög þessi ákveða.

2. gr.

Félagið tekur að sér eldsvoðatryggingar á húseignum utan Reykjavíkur og á lausafé, allt eftir þeim nánari ákvæðum, sem lög þessi og reglugerðir setja.

3. gr.

Skylt er að tryggja í félaginu allar húseignir í kaupstöðum og kauptún-um, þar með talin hús í smíðum, hvort sem þær eru eign einstakra manna, félaga eða opinberar eignir. Sömuleiðis er skylt frá 15. okt. 1934 að tryggja í fé-